



## Ávarp formanns

Kæru Góðvinir

Háskólinn á Akureyri fagnaði 30 ára afmæli á árinu með ýmsum viðburðum fyrir alla aldurshópa. Viðburðir hafa verið vel sóttir og auðséð að áhuginn á og samkenndin með stofnuninni er mikil.

Háskólinn á Akureyri er framsækinn skóli og menntar fólk úti um land allt, þökk sé mikilli reynslu í fjarkennslu og stöðugri þróun kennsluhátta sem gerir breiðari hópi fólks kleyft að stunda nám samhliða vinnu og/eða fjölskyldu. Rannsóknir benda til þess að fólk sem stundar nám í heimabyggð er líklegra til að búa þar enn fimm árum eftir brautskráningu. Þetta sýnir hversu mikilvægur Háskólinn á Akureyri er í byggðalegu tilliti.

Háskólinn á Akureyri hefur haft mikil og jákvæð áhrif á samfélagið og í dag getum við vart ímyndað okkur Akureyri án hans. Það var því vert að rifja upp hvað það krafðist mikillar vinnu og baráttu, að ekki sé talað um framsýni, að stofna sjálfstæðan opinberan háskóla svo fjarri höfuðborginni.

Háskólinn á Akureyri hefur sýnt mikla ábyrgð í rekstri en fengið naumt skammtað af fjárlögum. Góðvinir leggja skólanum lið með því að safna fé sem nýtist til góðra verka.

Við vonum að sem flestir sláist í hópinn og leggi sitt af mörkum við að styðja við háskólann okkar.

Með virðingu og vinsemd, **Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina**

## Framundan hjá Góðvinum

**Aðalfundur Góðvina verður haldinn**

**föstudaginn 17. nóvember kl. 15 á þriðju**

hæð Borga – rannsóknahúss Háskólans á Akureyri (fundarherbergi R302).

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk móttöku í lok fundar þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sér starfið yfir léttum veitingum. Nýir félagar eru sérstaklega boðnir velkomnir.



## Fréttir úr HA veturinn 2016–2017

### Brautskráning 2017 – að vanda í blíðskaparveðri

Þann 10. júní sl. fór fram brautskráning 337 kandi-data á Háskólahátíð Háskólans á Akureyri. Athöfnin fór fram í fjórða skipti í hátíðarsal Háskólans á Akureyri. Eliza Reid forsetafrú var heiðursgestur hátíðarinnar en einnig var Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, viðstaddur.

Vigdís Diljá Óskarsdóttir, kandi-dat í fjölmiðlafræði, flutti ávarp fyrir hönd brautskráðra. Brautskráningin var í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni N4 og gátu því allir landsmenn fylgst með. Kynnar voru Sigrún Vésteinsdóttir og Guðmundur Gunnarsson.

### 38% aukning umsókna við HA

Alls sóttu 1.615 manns um skólavist við Háskólann á Akureyri fyrir skólaárið 2017–2018, sem er met í sögu skólans. Um er að ræða 38% fjölgun frá árinu áður en þar skipar lögreglufræðin stóran sess. Umsóknirnar voru 443 fleiri en í fyrra. Þar af eru 232 umsóknir um lögreglunám en séu þær reiknaðar frá er aukningin 18%. Flestir sóttu um viðskiptafræði eða 263. 255 sóttu um nám í hjúkrunarfræði og 156 hófu nám í sálfræði.

„Háskólinn er kominn mjög nærri þeim nemendafjölda sem við viljum hafa til lengri tíma litið og jafnvel spurning hvort, eða frekar hvenær, taka verði upp aðgangstakmarkanir inn í háskólann í heild sinni,“ segir Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, og bætir við: „Umfram allt er þetta þó staðfesting á því að nám við Háskólann á Akureyri er eftirsótt enda kröfuhart nám sem byggir á sterkum fræðilegum grunni í persónulegu námsumhverfi.“

### Heiðursverðlaun Góðvina

Að vanda veittu Góðvinir þremur kandi-dötum viðurkenningu fyrir ótult starf í þágu háskólans. Viðurkenningin var í formi gullnælu úr smiðju Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmiðs og er nælan vísan í Íslandsklukkuna sem trónir yfir háskólasvæðinu.

**Viðurkenningarnar hlutu:**

**Telma Eiðsdóttir, hug- og félagsvísindasvið**  
**Hrafnhildur Gunnþórsdóttir, heilbrigðisvísindasvið**  
**Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskipta- og raunvísindasvið**

## Kjóstu menntun

Undir myllumerkinu **#kjóstumenntun** hleyptu stúdentar allra íslenskra háskóla af stað herferð til að minna á undirfjármögnun íslenskra háskóla. Nemendafélag Háskólans á Akureyri lét ekki sitt eftir liggja og birti fjölda blaðagreina í aðdraganda alþingiskosninga.

Í grein eftir Berglindi Ósk Guðmundsdóttur, lögfræðinema við HA, impraði hún á mikilvægi fjármögnunar til háskólanna: „Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri hefur það að markmiði að aðstoða kennara háskólans við þróun kennsluhátta, hún veitir einnig aðstoð og ráðgjöf til starfsmanna jafnt sem nemenda við notkun á tölvu- og upplýsingatækni. Mikilvægi miðstöðvarinnar er ekki gert nægjanlega hátt undir höfði. Við megum ekki leggja það í hættu að gríðarleg framþróun í kennslutækni hjaðni eða standi í stað. Við þurfum að tryggja aukið fjármagn til háskólanna, við þurfum að fjárfesta í framtíðinni!“



## Afmælisgjöf Góðvina til HA

Í tilefni af 30 ára afmæli Háskólans á Akureyri hafa Góðvinir safnað í og sett á fót stofnfjársljóð. Sjóðurinn á sér fyrirmynd í Bandaríkjunum og nefnist þar endowmentfund. Hlutverk hans er að vaxa og dafna en einungis verður hægt að nota vextina til verkefna.

„Við erum með þessu móti að hugsa til framtíðar, eitthvað sem Íslendingar hafa ekki alltaf verið mikið fyrir, en við teljum þetta vera fjárfestingu til frambúðar og eftir önnur 30 ár munum við jafnvel klappa okkur á bakið fyrir þetta framtak,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina, sem afhenti gjöfina á hátíðardagskrá í tilefni afmælisins.

Áætlað er að afhenda stofnfjárhæð um áramót en upphæðin fer eftir innstæðu Góðvina sem samanstendur af félagsgjöldum. „Því fleiri sem leggja okkur nú lið því hærri verður fjárhæðin og því brugðum við á það ráð að bjóða fyrirtækjum einnig að verða bakhjarlar með sérstakri fyrirtækjaaðild. Það er von okkar að við getum léttilega lagt eina milljón króna í stofnfjársljóðinn um áramót og við erum afskaplega opin fyrir frekari peningagjöfum frá fyrirtækjum eða einstaklingum af þessu tilefni,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina.



## Fullt hús í tilefni af 30 ára afmæli Háskólans á Akureyri

Rúmlega 400 manns sóttu opið hús í Háskólanum á Akureyri í tilefni af 30 ára afmæli háskólans 3. september sl. Á dagskrá voru viðburðir fyrir alla aldurshópa og auk kynninga á námsframboði var hægt að búa til slím og reyna sig í þrautabraut. Einnig var í boði að kynna notkun snjalltækja í námi og starfi, fara í annan heim í sýndarveruleika og sjá sprengjúsýningu, svo eitthvað sé nefnt.

Fyrir um daginn var haldin hátíðardagskrá þar sem

Tove Bull, fyrrverandi rektor háskólans í Tromsø, hélt hátíðarræðu en einnig tóku til máls Tómas Ingi Olrich, fyrrverandi menntamálaráðherra, Ketill Sigurður Jóelsson, formaður FSFA, og Birna Heiðarsdóttir, nemandi í fjölmiðlafræði, Ásdís Jónsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Brynhildur Pétursdóttir, formaður Góðvina, auk þess sem Eyjólfur Guðmundsson rektor fjallaði um framtíð Háskólans á Akureyri.

## Krista – fyrsta vélmennið í HA

Nú á haustdögum festi Kennslumiðstöð HA kaup á Beam-vélmenni sem hefur fengið nafnið Krista. Krista er þróunarverkefni og munu fjarnemar eða kennarar geta skráð sig inn í vélmennið til að sitja fundi og/eða kennslustundir. Með vélmenninu gerir Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður kennslumiðstöðvar, sér vonir um að fjarnemar fái meira rými og verði sýnilegri öðrum nemendum HA. „Einnig sjáum við fyrir okkur að fjarnemar eigi auðveldara með að eiga í betri samskiptum við staðarnema, þeir geta tekið virkari átt í umræðum, farið með þeim inn í matsal eða einfaldlega gripið orðið með einfaldari hætti,“ segir Auðbjörg.

Krista er fyrsta vélmennið af sinni gerð sem keypt hefur verið til Íslands en gera má ráð fyrir að slík



tæki muni nýtast til margskonar samskipta þar sem hjálplegt er að geta fært sig úr stað. Krista er búin tveimur myndavélum, fjórum hljóðnemum og getur ekið á allt að þriggja km hraða. Stýrikerfið er enn fremur einfalt í notkun og notendavænt.

## Doktorsnám við HA

Háskólinn á Akureyri hefur öðlast heimild til að bjóða upp á doktorsnám á völdum fræðasviðum. Tvö ár eru síðan Háskólinn á Akureyri sótti um heimild til doktorsnáms. Síðan þá hefur átt sér stað umfangsmikið gæðamat erlendra fagaðila þar sem fræðileg og stjórnsýsluleg geta háskólans til þess að bjóða upp á doktorsnám hefur verið ítarlega skoðuð.

Reiknað er með að fyrstu doktorsnemarnir hefji nám haustið 2018. Ríkar kröfur verða gerðar til þeirra og skilyrt að fyrirhuguð doktorsverkefni tengist öðrum rannsóknum innan háskólans. Þá verður gerð krafa um trygga fjármögnun rannsókna-



ar áður en nám hefst. Fjöldi doktorsnema mun því að einhverju leyti ráðast af fjölda og upphæð rannsóknarstyrkja sem fást á næstu árum.



## Greiðsluseðlar / aðild

Góðvinir Háskólans á Akureyri eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Öllum býðst að gerast félagsmenn og fyrirtækjum og stofnunum býðst fyrirtækjaaðild.

Greiðsluseðlar verða sendir út í nóvember 2017 og kostar einstaklingsaðild 2.500 kr. á meðan fyrirtækjaaðild er 25.000 kr. (reikningur verður sendur). Þeir sem fá greiðsluseðil eru fullgildir félagar. Krafan birtist í heimabanka og fellur sjálfkrafa niður um áramót. Öðrum áhugasömum um að gerast Góðvinir er bent á að skrá sig með þar til ætluðu skráningareyðublaði á vefsíðu Góðvina, [www.godvinir.is](http://www.godvinir.is). Greiðendur og þar með fullgildir félagar fá upplýsingar er varða Háskólann á Akureyri svo og boð í sérstaka móttöku á háskólahátíð í júní 2018.

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður Góðvina, Katrín Árnadóttir ([katrinarna@unak.is](mailto:katrinarna@unak.is)).